

**Fundargerð 281. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 14. ágúst 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 10. júlí 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 28. júlí 2008. Samþykkt.
3. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 24. júlí 2008. Samþykkt með athugasemd við b. lið annarra mála: vinnureglur um inntöku nemenda úr gildi fallnar.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags. 29. júlí 2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með dagskrá þingsins og ósk um tilkynningu fjölda þingfulltrúa á 53. Fjórðungsþing Vestfirðinga 5.-6. sept. n.k. Sveitarstjóra falið að biðja Fjórðungsþing að taka til umfjöllunar pósthjónustu á Vestfjörðum. Ákveðið að senda fimm fulltrúa á þingið.
2. Tölvupóstur dags. 5. ágúst 2008 frá Vin Þorsteinsdóttur, cand.psych. með ósk um styrk að upphæð kr. 100.000 vegna þýðingar á efni til birtingar á veraldarvefnum sem að gagni mætti koma fjölskyldum og kennurum í baráttunni við hegðunarvandamál barna og unglinga. Ákveðið að styrða verkefnið um kr. 50.000-
3. Bréf dags. 24. júlí 2008 frá undirbúningshópi um stofnun Starfsendurhæfingar á Vestfjörðum með boði til Reykhólahrepps um að gerast stofnaðili að sjálfseignarstofnun um verkefnið með kr. 100.000 stofnfé. Samþykkt að Reykhólahreppur gerist stofnaðili.
4. Bréf dags. 6. júní 2008 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands með boði um að senda inn umsókn um stuðning við sérstök framfaraverkefni sbr. reglur sjóðsins. Ákveðið að sækja um styrk.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 29. júlí 2008 frá Samgönguráðuneytinu með upplýsingum um úthlutun aukaframlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2008 vegna fækkunar íbúa 2003-2007. Í hlut Reykhólahrepps koma kr. 3.413.193. Kynnt.
2. Bréf dags. 28. júlí 2008 frá Samgönguráðuneytinu með upplýsingum um uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2008. Í hlut Reykhólahrepps koma kr. 11.222.475. Kynnt.
3. Bréf dags. 22. júlí 2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með aðalfundargerðum og ársreikningum Markaðsstofu Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Kynnt.
4. Væntanlegur fundur með íbúum Flateyjar. Sveitarstjóra falið að skipuleggja ferð út í Flatey.

Önnur mál:

1. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 13. ágúst 2008. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign), Karl Kristjánsson (sign), Egill Sigurgeirsson (sign),
Rebekka Eiríksdóttir (sign), Sveinn Ragnarsson (sign)
og Óskar Steingrímsson (sign)